

BIRKILUNDUR · GRENILUNDUR · FURULUNDUR · REYNILUNDUR



HLÍÐARENDI

## Útikennsla í Skáatalundi



Hafnarfirði 18. mars 2014

Til fræðsluráðs og fræðslustjóra



## Útikennsla í Skátalundi

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla er sjálfbærni einn af grunnþáttum menntunar.

“Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.”

Okkar framlag til samfélagsins er að leggja áherslu á félagsþroska barna og umhverfisvitund, það er að segja að þau verði sjálfstæðir einstaklingar sem beri virðingu fyrir sjálfum sér, umhverfi sínu og þeim einstaklingum sem þar eru.

Frá því haustið 2012 höfum við í Hlíðarenda haft aðgang að Skátalundi, skátaskálanum við Hvaleyrarvatn.

Fjóla Kristjánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri er verkefnistjóri verkefnisins.

Þar sem við leggjum áherslu á umhverfismennt, hreyfingu og lífsleikni gefst börnunum kjörið tækifæri í Skátalundi að upplifa og skynja náttúruna á eigin forsendum, ásamt því að efla hreyfifærni sína og félagsþroska í rólegu, þægilegu andrúmslofti og náttúrulegu umhverfi.

Þau börn sem fara í Skátalund eru á aldrinum 3ja til 6 ára og eru 15 börn í hverjum hóp.

Umhverfi Skátalundar örvar sköpunargleði barnanna, sem meðal annars birtist í fjörlegum listaverkum.





# Útikennsla í Skátalundi

Verkefnið hefur að mestu leiti gengið vel. Starfsmenn eru áhugasamir, foreldrar almennt ánægðir og okkar upplifun er sú, að við höfum náð þeim markmiðum, sem stefnt er að. Það er, að börnin fái tækifæri til að upplifa og skynja náttúruna á eigin forsendum, ásamt því að efla hreyfifærni sína og félagsþroska í rólegu, þægilegu andrúmslofti og náttúrulegu umhverfi. Athygli vekur, að börn, sem eiga í einhverskonar erfiðleikum, þykja njóta sín sérlega vel í friðsældinni úti í náttúrunni.

Samstarf við leigusala, St. Georgsgildið Hafnarfirði og Hópbíla hefur verið gott.

Eini ágallinn er aðgengið að skálanum að vetri til.

Við óskum eftir því að fá að halda áfram þessu verkefni og hafa aðgang að Skátalundi næsta skólaár í það minnsta. Mikil vinna hefur verið lögð í skipulag og undirbúningsvinnu sem hefur skilað sér vel í leikskólastarfið í Hlíðarenda og teljum við því æskilegt að halda áfram verkefninu.

Við, sem að leikskólanum komum, höfum öðlast reynslu sem við viljum getað nýtt til áframhaldandi þróunar á menntun til sjálfbærni.

Á efstu myndinni eru börnin að safna saman laufum fyrir skapandi starf. Þau safna líka saman sprekum á eldinn. Á neðstu myndinni er dugmikill drengur að saga eldivið.





## Öruggt, lærdómsríkt, skemmtilegt 2



Teiknað í fjörusandinn, skautadans æfður á Hvalaeyrarvatni, börnin smíða fódurkassa fyrir fuglana, stunda dirfskufullar æfingar eins og að stökkva af fjörugrjóti og snjósköflum. Ef ekki viðrar til útiveru er meðal annars gripið í púslíð innandyra.



# Öruggt, lærdómsríkt, skemmtilegt 3



Eftir snjókarlagerð eða önnur mikilvæg viðfangsefni er vel þegið, þegar gert er hlé á önnum dagsins, til að gæða sér á poppi eða lummum, sem starfsfólkið galdrar fram undir berum himni.





# Öruggt, lærdómsríkt, skemmtilegt 5

Eins og við segjum:  
Í Hlíðarenda og Skátalundi  
á starfið að vera:

**Öruggt,  
lærdómsríkt og  
skemmtilegt !**

*Virðingarfyllst*

---

*Oddfríður Steindórsdóttir  
leikskólastjóri*

---

*Fjóla Kristjánsdóttir  
aðstoðarleikskólastjóri  
verkefnastjóri Skátalundar*



Á efstu myndinni skoða börnin sveppi sem þau tíndu í nágrenni Skátalundar og hafa fræðirit um sveppi við höndina. Á næstu mynd undirbýr afmælisbarn afmælisveislu. Neðsta myndin sýnir tvo drengi rannsaka náttúruna með stækkunargler að vopni.